

# Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ

vegna verkefnisins „Verndarsvæði í byggð“

Ragnar Edvardsson

Bolungarvík 2019

|                                    |    |
|------------------------------------|----|
| Inngangur .....                    | 3  |
| Tilgangur fornleifaskráningar..... | 3  |
| Aðferðafræði .....                 | 4  |
| Stutt yfirlit sögu Eyrarinnar..... | 5  |
| Skrá yfir minjastaði .....         | 7  |
| Niðurstöður.....                   | 19 |
| Töflur.....                        | 20 |
| Kort.....                          | 21 |
| Heimildaskrá .....                 | 28 |

## Inngangur

Að beiðni Hrafnhildar Brynjólfsdóttur hjá Alta ráðgjöf fyrir hönd Ísafjarðarbæjar tók Ragnar Edvardsson að sér að skrá minjar í Ísafjarðarbæ vegna verkefnisins „Verndarsvæði í byggð“ sem er fyrirhugað á þrem svæðum innan Ísafjarðarkaupstaðar. Svæðin þrjú eru við Neðstakaupstað, þar sem byggðasfn Ísfirðinga er til húsa, Miðkaupstað, sem nær frá Edinborgarhúsinu að sundlaug Ísafjarðar og Efstakaupstað, sem nær frá sundlaug Ísafjarðar og að fjöru norðan megin eyrarinnar (Mynd 1, 2, 3).

Fornleifaskráning var gerð fyrir Ísafjarðarbæ árið 2002 og liggur sú skráning til grundvallar fyrir þessa skráningu. Þar sem að hún var gerð fyrir 17 árum og talsverðar framfarir hafa orðið í fornleifaskráningu og landmælingum síðan þá, var talið nauðsynlegt að uppfæra skráninguna eftir núverandi stöðlum Minjastofnunar Íslands. Þó er nauðsynlegt að taka fram að fornleifaskráningin frá 2002 var uppfærð nær eingöngu innan þeirra svæða sem falla undir verkefnið „Verndarsvæði í byggð“ en þó voru nokkrir staðir fyrir utan verndarsvæðið teknir með.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifakönnun felur í sér að skipulega er farið yfir fyrirfram ákveðið svæði með fornleifafræðilegri aðferðafræði, í þeim tilgangi að staðsetja þekktar eða óþekktar fornminjar. Fornleifakönnun getur farið fram bæði á sjó eða landi og er aðferðafræðin í grunninn sú sama. Á fyrsta stigi fornleifakönnunar er venjulega farið yfir ýmsar heimildir, m.a. sagnfræðileg rit, skjöl, kort, loftmyndir, osfrv., sem geta gefið til kynna staðsetningu fornminja. Við vettvangsathuganir er notast við ýmiskonar fjarkönnunarbúnað á landi, t.d. GPS, dróna, viðnámsmæla (e: resistivity meter), jarðsjá (e: ground penetrating radar) osfrv., en í sjó tvígeislamæla (e: side-scan sonar), fjölgeislamæla (e: multibeam echosounder) og segulsviðsmæla (e: magnetometer). Á landi er einnig gengið um könnunarsvæðin til nánari skoðunar á þeim stöðum sem fjarkönnun hefur gefið til kynna að fornleifar geti leynst en í sjó er köfunum og neðansjávarmyndavélum beitt í sama tilgangi.

Samkvæmt skilgreiningu þjóðminjalaga eru fornminjum skipt í forngripi og fornleifar og eru allar fornminjar eldir en 100 ára friðaðar. Að auki eru öll skip og bátar eldri en 1950 taldir til fornminja. Í þriðju grein þjóðminjalaganna segir:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands (Lög Um Menningarminjar, 80. 2012).

Áður en kemur að deiliskipulagi, aðalskipulagi eða ýmiskonar framkvæmdum er skipulags- og framkvæmdaraðilm skylt samkvæmt þjóðminjalögum að láta fara fram skráningu fornleifa á tilvonandi framkvæmdarsvæði og á þetta við hvort sem það er í sjó eða á landi.

## Aðferðafræði

Þar sem að hér er um að ræða fornleifaskráningu innan þéttbýlis gengur aðferðafræði verkefnisins meira út á að staðsetja þau svæði þar sem að líkur séu á að fornminjar komi í ljós við jarðrask frekar en að staðsetja einstaka minjastaði. Aðferðafræðin byggir því á því að

staðsetja elstu hús og byggingar sem enn standa innan skráningarsvæðisins og þau svæði þar sem ritaðar heimildir gefa til kynna að hús hafi áður staðið. Á þessum svæðum eru mestar líkur á að fornminjar geti komið í ljós við hverskonar jarðrask og reynslan hefur sýnt að talsverðar minjar geti verið eftir af eldri byggð innan þéttbýliskjarna þó svo að ekkert gefi slíkt til kynna á yfirborðinu.

Fornleifaskráningunni var skipt í þrjá verkhluta, heimildakönnun, vettvangsvinnu og frágang og skýrsluskrif. Við heimildakönnun voru þeir staðir sem skráðir voru árið 2002 og falla innan verndarsvæðanna tveggja, teknir úr skránni. Síðan var farið yfir ritaðar heimildir sem geta gefið hugmynd um staðsetningu minjastaða, þ.e. jarðabækur, sýslu og sóknarlýsingar, byggðarsögurit, kort, loftmyndir, osfrv. Við vettvangsvinnu var farið bæði á þá staði sem skráðir voru árið 2002 og aðra staði sem heimildir gáfu til kynna að minjastaði væri að finna. Punktur var mældur með gps stöð á þeim stöðum þar sem hús sem byggð voru fyrir 1900 eða á fyrri hluta 20. aldar standa enn eða stóðu áður. Að auki voru húsin í Neðstakaupstað mæld upp með gps stöð. Við frágang var gögnunum hlaðið niður í tölvu og unnið með þá í landupplýsingakerfinu Arcgis. Unnin voru punkta- og flakaskrár eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands (tafla 1).

## Stutt yfirlit sögu Eyrarinnar

Samkvæmt rituðum heimildum hófst landnám á Íslandi á síðustu áratugum 9. aldar og talið er að landið hafi verið full numið um miðja 10. öld (Björn Þorsteinsson 1980). Lengi töldu fræðimenn að landnám á Vestfjörðum hafi ekki hafist fyrr en í byrjun 10. aldar en fornleifarannsóknir síðustu ára benda til þess að landnám á Vestfjörðum hafi verið samhlíða landnámi annars staðar á landinu (Ragnar Edvardsson og Thomas McGovern 2005).

Eyrarhreppur hinn forni flokkast undir minni hreppi og nær hann frá Óshlíð og að Súðavíkurhlíð. Fjórir misdjúpir dalir tilheyra Eyrarhreppi, Arnardalur, Engidalur, Tungudalur og Hnífsdalur og þróaðist byggðin að mestu í þessum dölum. Í Eyrarhreppi voru áður 13 lögbýli en nú er svo komið að flest þeirra hafa lagst í eyði eða horfið undir þéttbýliskjarnana Hnífsdal og Ísafjarðarbæ (J.Johnsen 1847).

Í landnámu segir að Helgi sonur Hrólfsá Gnúpufelli hafi numið Skutulsfjörð. Þó svo að ekki sé getið hvar hann byggði bú sitt, er líklegast að Eyri sé landnámsjörð Helga. Einnig er getið um að Þórólfur brækir hafi numið land sunnan Skutulsfjörð og Skálavík og búið þar (Ísl. Sög.I. bls.110). Jörðin Eyri kemur fyrir í elstu heimildum og í Gísla sögu segir að Oddur nokkur

hafi búið á Eyri í Skutulsfirði (Ísl. sög. V., bls. 49). Í máldögum kirkjunnar á Eyri frá 13. öld segir: "Maríu kirkia a eyri j skutilz firði á ij luti j heima landi: og þeim kýr: cc eina og fim hundrud frrijd: j audro: tiolld vm huerfis oc kluckur iij. Hocul altara klædi ij: munlogar ij. Oc glodaker: tijundir af x bolum oc half af kirkiu boli: torf skurd af ij lutum j attredmijingi: j tungu land: stola ij oc merki ij: þar skal vera pr[restr] heijmilisfastur oc taka fiorar merkur." (Dip. Isl. III, bls. 228-229).

Árið 1710 var búið á öllum jörðunum í Eyrarhreppi en jarðir í Eyrarhreppi voru þá í eigu utansveitarmanna fyrir utan Eyri sem tilheyrði kirkjunni. Dýrleiki jarða í Eyrarhreppi árið 1710 var frá átta hundruð til tuttugu og fjögurhundruð. Ódýrustu jarðirnar voru Hnífsdalur fremri tólf hundruð, Bakki sjö hundruð, Seljaland tólf hundruð, Hafrafell átta hundruð, Fossar átta hundruð og Arnardalur fremri tólf hundruð. Dýrustu jarðirnar voru Hnífsdalur neðri tuttugu og fjögur hundruð, Tunga tuttugu og fjögur hundruð, Engidalur átján hundruð, Kirkjuból þrjátíu hundruð og Arnardalur neðri tuttugu og fjögur hundruð. Eyri (Mynd 3) var ekki metin til dýrleika þar sem hún var kirkjustaður og beneficium en líklegt er að hún hafi verið dýrasta jörðin í hreppnum (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1940).

Verslun hófst snemma í Skutulsfirði og eru líkur að verslun hafi verið stunduð á Eyrinni allt frá landnámsöld. Ritaðar heimildir benda til þess að á 16. öld hafi Hansakaupmenn haft aðsetur á Skutulsfjarðareyri. Þegar verslunareinokun var tekin upp á Íslandi árið 1602 varð Skutulsfjörður verslunarstaður sem náði yfir allt Ísafjarðardjúp, Súgandafjörð og Hornstrandir (Mynd 5) (Jón Þ. Þór 1984; Jón J. Aðils 1971).

Hinn 1. janúar 1788 var verslunareinokun aflétt á Íslandi og í kjölfarið var stofnaður kaupstaður í Skutulsfirði. Verslun í Skutulsfirði var fyrst stunduð syðst á Skutulsfjarðareyri og var kaupstaðurinn þar síðar nefndur Neðstikaupstaður. Eftir að verslunareinokun hafði verið aflétt litu aðrir kaupmenn hýra auga á frekari verslunarmöguleika á Eyrinni og á árunum 1788 – 1791 risu ný verslunarhús norðarlega á Eyrinni og var sá verslunarstaður nefndur Hæstikaupstaður (Mynd 5). Í byrjun 19. aldar hófu fleiri kaupmenn að stunda verslun á Eyrinni og risu ný verslunarhús svo til miðja vegu milli Hæstikaupstaðar og Neðstikaupstaðar og hlutu þau verslunarhús nafnið Miðkaupstaður (Mynd 6) (Jón Þ. Þór 1984).

Fyrsta vísi að þorpamyndun má rekja til fyrri hluta 19. aldarinnar en á korti frá 1835 má sjá að byggt hefur verið íbúðarhús sem ekki er tengt verslunarstöðunum á Eyrinni. Þetta hús stóð þar sem Tangagata 14 er nú og þar bjó smiður sem lifði af iðn sinni (Mynd 6). Á árunum 1835 – 1860 þennst svo byggðin á Eyrinnu út og þá hefur risið reglulegt þorp í kringum

Miðkaupstaðinn (Mynd 7). Mörg hús sem reist voru á þessu tímabili standa enn þó sum þeirra séu mikið breytt (Kristinn Nikulás Edvardsson 2010a; 2010b).

Á tímabilinu frá 1860 og frá á miðja 20. öld fjölgaði íbúum Ísafjarðar ört og varð Ísafjörður snemma stærsti kaupstaðurinn á Vestfjörðum. Í dag heldur hann enn því sæti og er Ísafjarðarbær aðal mennta- og menningarsetur á Vestfjörðum og þar er stunduð fjölþætt atvinnustarfsemi.

## Skrá yfir minjastaði

### 4200-Eyri

24 hundruð að dýrleika. "Oddr er maðr nefndr ok var Örlygsson. Hann bjó á Eyri í Skutulsfirði." [Ísl.sögur V, 12]"Máldagi Maríukirkju á Eyri í Skutulsfirði [er Árni biskup Þorláksson setti] [Árið 1286] Maríu kirkia a eyri j skutilz firði á ij luti j heima landi: og þeim kýr: cc eina og fim hundrud frrijd: j audro: tiolld vm huerfis oc kluckur iij. Hocul altara klædi ij: munlogar ij. Oc glodaker: tijundir af x bolum oc half af kirkiu boli: torf skurd af ij lutum j attredmijingi: j tungu land: stola ij oc merki ij: þar skal vera þr[restr] heijmilisfastur oc taka fiorar merkur." [D.I.II 260] Hítardalsbók [1367] "cxxxvii. Mariukirkia a Eyre j skutulsfirde. A heimaland allt kyr xiij og lx asaudar. Gelldneyta kugillde. Cc voru edur voru virð. Pallbord iiij storkerold j jordu. Þetta ber saman við wilchinsbok. Vtann hier stendur suo. Ad frateknum kirkiubole ok forsum og eingedal (að tijundum) [D.I.III.228-229] [1431] Testamentisbréf Guðna Oddsonar, þar sem hann gefr ýmsar gjafir fyrir sál Þorbjargar Guðmundardóttur konu sinnar...jtem c til eyrar." [D.I.IV.485] Vilchinsbók [1397] "Mariukirkia a Eyri j Skutlsfirði oc hins heilaga Jons postula a heimaland allt. Kyr oc lx asaudar. Gelldneyta kugildi cc voru. Pllbord. Ij storkierolld j jordu. Þangad liggia tiunder af ollum bæium mille Brudarhamars oc Ofæru oc lysistollar að frateknu Kirkiuboli. Forsum oc Eingidal." [D.I.IV.140-141] Eyri fór í eyði á seinni hluta 19. aldar og er ekki til túnakort yfir jörðina.

### 4200-1

**Sérheiti:** Faktorshús

**Hlutverk:** íbúðarhús

**Tegund:** Hús

**Staðsetning:** 625167N 313209E

**Staðhættir:** Farið er í gegnum Ísafjarðarbæ og neðarlega á Eyrinni niður við sjóinn er Neðstikaupstaður. Þar er nú byggðasafn Ísafjarðarbæjar. Nokkur timburhús standa í þyrpingu og er Faktorshúsið syðsta byggingin.

**Lýsing:** Á uppdrætti frá 1787 er merkt "handelstædet" á Eyrinni þar sem Neðstikaupstaður er. Á korti frá 1789 eru fimm hús teiknuð í Neðstakaupstað. "...1765. Það sumar reis íbúðarhús verslunarstjóra Almenna verslunarfélagsins á eyrinni, niður undir Suðurtanga, vandað og traust að allri gerð. Húsið stendur enn í Neðstakaupstað og hefur lengst af gengið undir nafninu Faktorshús. Þegar Faktorshúsið var byggt sumarið 1765, virðast aðeins tvö hús hafa verið fyrir á Skutulsfjarðareyri og standa þau bæði enn í dag. Þessi hús voru: Tjöruhúsið, ... , og krambúðin, ... Hugsanlegt er þó, að þriðja húsið hafi staðið á eyrinni vorið 1765, beykisstofa,

sem kölluð er “gamalt hús” í virðingargerð frá 1774. Svo mikið er víst að árið 1774 stóðu alls sjö hús á Skutulsfjarðareyri, þar af 3-4 íbúðarhús." Tjöruhúsið reist 1781 og krambúðin 1757. Númer ÍS-144:006 í skráningunni frá 2001.

**Hættumat:** Engin hætt.

**4200-2**

**Sérheiti:** Tjöruhús

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Hús

**Staðsetning:** 625199N      313248E

**Staðhættir:** Farið er í gegnum Ísafjarðarbæ og neðarlega á Eyrinni niður við sjóinn er Neðstikaupstaður. Þar er nú byggðasafn Ísafjarðarbæjar. Fimm timburhús standa í þyrpingu og er Tjöruhúsið nyrsta húsið.

**Lýsing:** Á uppdrætti frá 1787 er merkt "handelstædet" á Eyrinni þar sem Neðstikaupstaður er. Á korti frá 1789 er fimm hús teiknuð í Neðstakaupstað. "...1765. Það sumar reis íbúðarhús verslunarstjóra Almenna verslunarfélagsins á eyrinni, niður undir Suðurtanga, vandað og traust að allri gerð. Húsið stendur enn í Neðstakaupstað og hefur lengst af gengið undir nafninu Faktorshús. Þegar Faktorshúsið var byggt sumarið 1765, virðast aðeins tvö hús hafa verið fyrir á Skutulsfjarðareyri og standa þau bæði enn í dag. Þessi hús voru: Tjöruhúsið, ..., og krambúðin,.... Hugsanlegt er þó, að þriðja húsið hafi staðið á eyrinni vorið 1765, beykisstofa, sem kölluð er “gamalt hús” í virðingargerð frá 1774. Svo mikið er víst að árið 1774 stóðu alls sjö hús á Skutulsfjarðareyri, þar af 3-4 íbúðarhús." Tjöruhúsið reist 1781 og krambúðin 1757. Númer ÍS-144:007 í skráningunni frá 2001.

**Hættumat:** Engin hætt.

**4200-3**

**Sérheiti:** Krambúðin

**Hlutverk:** Verslun

**Tegund:** Hús

**Staðsetning:** 625203N      313231E

**Staðhættir:** Farið er í gegnum Ísafjarðarbæ og neðarlega á Eyrinni niður við sjóinn er Neðstikaupstaður. Þar er nú byggðasafn Ísafjarðarbæjar. Nokkur timburhús standa í þyrpingu og standa krambúðin og Turnhúsið vestast.

**Lýsing:** Á uppdrætti frá 1787 er merkt "handelstædet" á Eyrinni þar sem Neðstikaupstaður er. Á korti frá 1789 eru fimm hús teiknuð í Neðstakaupstað. "...1765. Það sumar reis íbúðarhús verslunarstjóra Almenna verslunarfélagsins á eyrinni, niður undir Suðurtanga, vandað og traust að allri gerð. Húsið stendur enn í Neðstakaupstað og hefur lengst af gengið undir nafninu Faktorshús. Þegar Faktorshúsið var byggt sumarið 1765, virðast aðeins tvö hús hafa verið fyrir á Skutulsfjarðareyri og standa þau bæði enn í dag. Þessi hús voru: Tjöruhúsið, ... , og krambúðin, ... Hugsanlegt er þó, að þriðja húsið hafi staðið á eyrinni vorið 1765, beykisstofa, sem kölluð er “gamalt hús” í virðingargerð frá 1774. Svo mikið er víst að árið 1774 stóðu alls

sjö hús á Skutulsfjarðareyri, þar af 3-4 íbúðarhús." Tjöruhúsið reist 1781 og krambúðin 1757. Númer ÍS-144:008 í skráningunni frá 2001.

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-4**

**Sérheiti:** Beykistofan

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hús

**Staðsetning:** 625175N      313195E

**Staðhættir:** Farið er í gegnum Ísafjarðarbæ og neðarlega á Eyrinni niður við sjóinn er Neðstikaupstaður. Þar er nú byggðasafn Ísafjarðarbæjar. Nokkur timburhús standa í þyrpingu. Samkvæmt kortum er líklegt að Beykistofan hafi staðið rétt vestan við Faktorshúsið.

**Lýsing** Á uppdrætti frá 1787 er merkt "handelstædet" á Eyrinni þar sem Neðstikaupstaður er. Á korti frá 1789 er fimm hús teiknuð í Neðstikaupstað. "...1765. Það sumar reis íbúðarhús verslunarstjóra Almenna verslunarfélagsins á eyrinni, niður undir Suðurtanga, vandað og traust að allri gerð. Húsið stendur enn í Neðstikaupstað og hefur lengst af gengið undir nafninu Faktorshús. Þegar Faktorshúsið var byggt sumarið 1765, virðast aðeins tvö hús hafa verið fyrir á Skutulsfjarðareyri og standa þau bæði enn í dag. Þessi hús voru: Tjöruhúsið, ..., og krambúðin, .... Hugsanlegt er þó, að þriðja húsið hafi staðið á eyrinni vorið 1765, beykisstofa, sem kölluð er "gamalt hús" í virðingargerð frá 1774. Svo mikið er víst að árið 1774 stóðu alls sjö hús á Skutulsfjarðareyri, þar af 3-4 íbúðarhús." Tjöruhúsið reist 1781 og krambúðin 1757. Númer ÍS-144:009 í skráningunni frá 2001.

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-5**

**Sérheiti:** Púlsmannshús

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hús

**Staðsetning:** 625175N      313195E

**Staðhættir:** Farið er í gegnum Ísafjarðarbæ og neðarlega á Eyrinni niður við sjóinn er Neðstikaupstaður. Þar er nú byggðasafn Ísafjarðarbæjar. Nokkur timburhús standa í þyrpingu. Samkvæmt kortum er líklegt að Púlsmannshús hafi staðið austan við Faktorshúsið.

**Lýsing.** Á uppdrætti frá 1787 er merkt "handelstædet" á Eyrinni þar sem Neðstikaupstaður er. Á korti frá 1789 er fimm hús teiknuð í Neðstikaupstað. "...1765. Það sumar reis íbúðarhús verslunarstjóra Almenna verslunarfélagsins á eyrinni, niður undir Suðurtanga, vandað og traust að allri gerð. Húsið stendur enn í Neðstikaupstað og hefur lengst af gengið undir nafninu Faktorshús. Þegar Faktorshúsið var byggt sumarið 1765, virðast aðeins tvö hús hafa verið fyrir á Skutulsfjarðareyri og standa þau bæði enn í dag. Þessi hús voru: Tjöruhúsið, ..., og krambúðin, .... Hugsanlegt er þó, að þriðja húsið hafi staðið á eyrinni vorið 1765, beykisstofa, sem kölluð er "gamalt hús" í virðingargerð frá 1774. Svo mikið er víst að árið 1774 stóðu alls sjö hús á Skutulsfjarðareyri, þar af 3-4 íbúðarhús." Tjöruhúsið reist 1781 og krambúðin 1757. Númer ÍS-144:010 í skráningunni frá 2002.

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-6**

**Sérheiti:** Turnhúsið

**Hlutverk:** Verslun

**Tegund:** Hús

**Staðsetning:** 625194N 313211E

**Staðhættir:** Farið er í gegnum Ísafjarðarbæ og neðarlega á Eyrinni niður við sjóinn er Neðstikaupstaður. Þar er nú byggðasafn Ísafjarðarbæjar. Nokkur timburhús standa í þyrpingu og standa krambúðin og Turnhúsið vestast.

**Lýsing:** “Í Neðstakaupstaðnum var allnokkur húsabyrping, og voru öll húsin frá því á 18 öld...1816...Faktorshúsið, íbúðarhús verslunarstjórans... Krambúðin (stendur enn, reist 1757), pakkhús (nefnt Tjöruhús, stendur enn, reist 1781). Nýjasta húsið í Neðstakaupstað árið 1816 var Turnhúsið... Önnur hús í Neðstakaupstað haustið 1816 eru nú öll horfin, en þau voru Púlsmannahús, byggt 1769, íbúðarhús reist 1771 fyrir Norðmennina frá Sunnmæri..., og timburhús 1772.” Númer ÍS-144:013 í skráningunni frá 2002.

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-7**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Verslunarhús

**Tegund:** Óþekkt

**Staðsetning:** 625151N 313199E

**Staðhættir:** Farið er í gegnum Ísafjarðarbæ og neðarlega á Eyrinni niður við sjóinn er Neðstikaupstaður. Þar er nú byggðasafn Ísafjarðarbæjar. Nokkur timburhús standa í þyrpingu. Líkleg er að þetta hús hafi staðið austan megin við Turnhúsið, sunnan við skemmuna sem stendur á svæðinu að austan. Nákvæm staðsetning óviss.

**Lýsing:** “Í Neðstakaupstaðnum var allnokkur húsabyrping, og voru öll húsin frá því á 18 öld...1816...Faktorshúsið, íbúðarhús verslunarstjórans... Krambúðin (stendur enn, reist 1757), pakkhús (nefnt Tjöruhús, stendur enn, reist 1781). Nýjasta húsið í Neðstakaupstað árið 1816 var Turnhúsið... Önnur hús í Neðstakaupstað haustið 1816 eru nú öll horfin, en þau voru Púlsmannahús, byggt 1769, íbúðarhús reist 1771 fyrir Norðmennina frá Sunnmæri..., og timburhús 1772.” Númer ÍS-144:011 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-8**

**Sérheiti:** Faktorshús

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625819N 313683E

**Staðhættir:** Hæstikaupstaður stóð norðarlega á Eyrinni, þ.e. á svæðinu milli Fjarðarstrætis og Austurvegars og eru aðeins tvö hús eftir af upprunarlegu kaupstaðarhúsunum í Hæstakaupstað. Þetta hús stendur við Aðalstræti 42, þ.e. norðarlega á Eyrinni við Fjarðastræti.

**Lýsing:** “Nýr aðili kom nú til sögunnar, er veitti þeim er fyrir var samkeppni, reisti nýjan kaupstað (Hæstakaupstað) og olli því að meiri gróska varð í versluninni á Ísafirði en víðast hvar annars staðar á landinu á sama tíma.” [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.85] “Á

Ísafirði valdi Heidemann verslun sinni stað, þar sem síðar hét Hæstikaupstaður. Það var sá staður á kaupstaðarlóðinni, sem fjærst lá frá aðsetri Altonamanna, og þannig hefur Heidemann talið sig tryggja sér best rými til fiskþurkunnar. Um sumarið 1788 bárust honum tveir skipsfarnar af byggingarefni, og var þá hafist handa um að reisa þrjú hús: íbúðarhús, pakkhús og sölubúð. Alls reistu Norðmennirnir átta hús á Ísafirði á árunum 1788-1791, þar af þrjú bjálkahús. Aðeins eitt þessara húsa stendur enn. Það var upphaflega íbúðarhús verslunarstjórans. Nú hefur þessu húsi verið breytt allmikið, en það var stækkað um þriðjung einhvern tíma á 19.öld. Á uppdrætti, sem norðmenn gerðu af Ísafirði um 1790, eru fjögur hús sýnd í Hæstikaupstað. Þar er einnig sýnt, hvar Heidemann hugðist gera bryggju.” [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.86]. Númer ÍS-144:014 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-9**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625796N 313691E

**Staðhættir:** Hæstikaupstaður stóð norðarlega á Eyrinni, þ.e. á svæðinu milli Fjarðarstrætis og Austurvegars og eru aðeins tvö hús eftir af upprunarlegu kaupstaðarhúsunum í Hæstikaupstað. Þetta hús stendur við Austurveg 7, þ.e. milli faktorsshúsins og gömlu sundlaugarinnar.

**Lýsing:** “Nýr aðili kom nú til sögunnar, er veitti þeim er fyrir var samkeppni, reisti nýjan kaupstað (Hæstikaupstað) og olli því að meiri gróska varð í versluninni á Ísafirði en víðast hvar annars staðar á landinu á sama tíma.” [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.85] “Á Ísafirði valdi Heidemann verslun sinni stað, þar sem síðar hét Hæstikaupstaður. Það var sá staður á kaupstaðarlóðinni, sem fjærst lá frá aðsetri Altonamanna, og þannig hefur Heidemann talið sig tryggja sér best rými til fiskþurkunnar. Um sumarið 1788 bárust honum tveir skipsfarnar af byggingarefni, og var þá hafist handa um að reisa þrjú hús: íbúðarhús, pakkhús og sölubúð. Alls reistu Norðmennirnir átta hús á Ísafirði á árunum 1788-1791, þar af þrjú bjálkahús. Aðeins eitt þessara húsa stendur enn. Það var upphaflega íbúðarhús verslunarstjórans. Nú hefur þessu húsi verið breytt allmikið, en það var stækkað um þriðjung einhvern tíma á 19.öld. Á uppdrætti, sem norðmenn gerðu af Ísafirði um 1790, eru fjögur hús sýnd í Hæstikaupstað. Þar er einnig sýnt, hvar Heidemann hugðist gera bryggju.” [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.86]. Númer ÍS-144:015 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-10**

**Sérheiti:** Sönderborgarahús

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625493N 313562E

**Staðhættir:** Sönderborgarahúsið stendur enn við Aðalstræti 12 en annað hús, sölubúð, sem stóð við hliðina á því er horfið.

**Lýsing:** “Árið 1816 urðu mikil tíðindi í sögu Ísafjarðarkaupstaðar. Þá um vorið hófu þeir J. Mindelberg kaupmaður frá Sønderborg á Jótlandi og félagi hans, Hans Christian Hanessen Gunterson, verslun í kaupstaðnum. ... Hófst þá verslun í Miðkaupstaðnum, en þar varð síðar vaxtabroddur innlendrar verslunar á Ísafirði.”[Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.96]. “Sønderborgarmenn hófust þegar handa um húsasmíði og reistu tvö hús á lóð sinni sumarið 1816. Annað þeirra var íbúðarhús, sem enn stendur við Aðalstræti (nr.12), en hitt var sölubúð, sem nú er löngu horfin.”[Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.96]. Númer ÍS-144:022 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hættu.

**4200-11**

**Sérheiti:** Jónassens hús

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625460N      313533E

**Staðhættir:** Jónassens hús stendur enn við Aðalstræti 8 en mjög mikið breytt.

**Lýsing:** ”Við manntal 1845 átti hann (Jónas Jónasson borgari) heimili í eigin húsi, og var það kallað Jónassens hús. Jónas Jónasson lést vorið 1851. Jónassens hús stendur enn við Aðalstræti 8 en mjög mikið breytt.”[Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.127]. Númer ÍS-144:024 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hættu.

**4200-12**

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625655N      313628E

**Staðhættir:** Verslun og íbúðarhús Ásgeirs A. Johnsen stóð áður við Aðalstræti 26. Löngu búið að rífa það.

**Lýsing:** “Verslun Ásgeirs Á. Johnsen. 1852. ...Þannig lýsti Magnús Gíslason sýslumaður lóð Ásgeirs Á Johnsen og þeim skilmálum, sem honum voru settir. Ásgeir reisti sér hús á lóðinni. Það er nú löngu horfið, en var númer 26 við Aðalstræti.” [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.135]. Númer ÍS-144:025 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hættu.

**4200-13**

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625634N      313599E

**Staðhættir:** Verslun og íbúðarhús Ásgeirs A. Johnsen stóð áður við Aðalstræti 26. Rétt þar við var þetta hús.

**Lýsing:** “Ásgeir Ásgeirsson frá Rauðamýri. Hinn 6. maí 1852 fékk Ásgeir útmælda lóð (Aðalstræti 20) til verslunar á Ísafirði, eins og áður sagði. Lóð hans var í Miðkaupstaðnum næst við lóð Ásgeirs Á Johnsen...” [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.138.]. Númer ÍS-144:026 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**Hættumat:** Engin hætta.

#### 4200-14

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625671N 313617E

**Staðhættir:** Verslun og íbúðarhús Ásgeirs A. Johnsen stóð áður við Aðalstræti 26. Síðustu þrír bústaðirnir (12, 13, og 14) stóðu á svipuðum slóðum en eru öll horfin.

**Lýsing:** “Hinrik Sigurðsson skipherra á Seljalandi gerðist borgari á Ísafirði 1852 og fékk útmælda 448 fermetra lóð í kaupstaðnum 6. maí það ár, sama daginn og Ásgeirarnir. Lóð hans var næst neðan við lóð Ásgeirs skipherra. Á lóð sinni reisti Hinrik sér hús...”[Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.141]. Þetta hús og það fyrra (nr.26) stóðu nálægt húsi Ásgeirs, Aðalstræti 26. Númer ÍS-144:027 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

#### 4200-15

**Sérheiti:** Sýslumannshúsið

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625894N 313563E

**Staðhættir:** Mjallargata liggur frá norðri til suðurs á milli Hafnarstrætis og Fjarðarstrætis. Þetta hús er nr. 6.

**Lýsing:** “Sýslumannshúsið, sem Erlendur Þórarinsson byggði 1856, en það er nú Mjallargata 6.” [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.211.]. Númer ÍS-144:028 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

#### 4200-16

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625833N 313634E

**Staðhættir:** Norðurvegur liggur frá norðri til suðurs milli Austurvegar og Fjarðarstrætis. Þetta hús er nr. 3.

**Lýsing:** “Hús Ásmundar Sigurðssonar beykis, reist árið 1853. Það stóð lengi við Mjógötu 6, en var síðan flutt og er nú Norðurvegur 3.” [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls. 218]. Númer ÍS-144:029 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-17**

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625905N 313558E

**Staðhættir:** Mjallargata liggur frá norður til suðurs milli Hafnarstrætis og Fjarðarstrætis. Þetta hú er númer 5.

**Lýsing:** “Húsið sem Torfi Thorgrímssen verslunastjóri reisti á Ísafirði (1856). Það var síðan lengi í eigu Þorvalds Jónssonar læknis og stendur enn við Mjallargötu.” [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.219]. Númer ÍS-144:030 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-18**

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625558N 313757E

**Staðhættir:** Sundstræti er austast á Eyrinni, tekur við af Fjarðarstræti og liggur frá norðri til suðurs. Húsið stendur á Sundstræti 25A.

**Lýsing:** “Þar verður fyrst fyrir okkur hús Brynjólfs Oddsonar...það stendur enn og er nú Sundstræti 25 A.” [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.220]. Númer ÍS-144:031 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-19**

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625589N 313293E

**Staðhættir:** Brunngata liggur frá norðri til suðurs milli Skipagötu og Silfurgötu og er samhliða Aðalstræti. Húsið stóð á horninu þar sem Brunngata 10 stendur nú.

**Lýsing:** “Í næsta húsi við Gruntvig, eða þar sem nú er Brunnagata 10, bjó annar snikkari, Þorvarður Þórðarson,…” Húsið er horfið. [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls. 222]. Númer ÍS-144:032 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-20**

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625614N 313730E

**Staðhættir:** Smiðjugata liggur frá norðri til suðurs, milli Silfurgötu og Þvergötu. Þetta hús stendur við Smiðjugötu 12.

**Lýsing:** “Smiðjugata 12. Ekki er fulljóst hver bjó í þessu húsi árið 1860, en sennilegt að það hafi verið Jóakim Budenhoff járnsmiður.” [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.222]. Það hús em stóð á þessum stað árið 1860 er sennilega horfið og þetta hús reist í staðin en það var byggt árið 1890. Númer ÍS-144:033 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-21**

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625637N 313727E

**Staðhættir:** Silfurgata liggur frá austri til vesturs, milli Sundstrætis og Silfurtorgs. Þetta hús er númer 9.

**Lýsing:** “Í næsta húsi við Budenhoff, eða þar sem nú er Silfurgata 9, bjó Þorvarður Brynjólfsson sjómaður ásamt konu sinni,…” [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.222]. Númer ÍS-144:034 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-22**

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625538N 313692E

**Staðhættir:** Smiðjugata liggur frá norðri til suðurs, milli Silfurgötu og Þvergötu. Þetta hús stóð við Smiðjugötu 2. Á lóðinn stendur einbýlishús sem byggt var árið 1982.

**Lýsing:** “Næst á eftir húsi Ásgeirs Ásgeirssonar er í manntalinu talið heimili Jens Kristjáns Arngímssonar járnsmiðs. Hann bjó þar sem nú heitir Smiðjugata 2 og stendur hús hans ennþá en það var reist árið 1853” [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.228]. Húsið sem byggt var árið 1853 er horfið. Númer ÍS-144:037 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-23**

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625507N 313654E

**Staðhættir:** Skipagata liggur í boga frá Sindragötu að Pollagötu og stóð þetta hús þar sem Skipagata 12 er nú. Þar standa nú raðhús sem byggð voru árið 1975.

**Lýsing:** “Næstur Ásgrími eða þar sem nú er Skipagata 12 bjó Guðbjartur Jónsson skipherra.” [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.229]. Númer ÍS-144:039 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-24**

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625641N 313672E

**Staðhættir:** Brunngata liggur frá norðri til suðurs milli Skipagötu og Silfurgötu og er samhliða Aðalstræti. Húsið stóð þar sem Brunngata 16 stendur nú.

**Lýsing:** "Skammt frá Guðbjarti þar sem nú er Brunngata 16 bjó Þóroddur Jónsson seglasaumari." [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls. 230]. Númer ÍS-144:040 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-25**

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625569N 313740E

**Staðhættir:** Tangagata liggur frá norðri til suðurs, milli Silfurgötu og Þvergötu og er samhliða Sundstræti. Húsið stóð við númer 8.

**Lýsing:** "Næstan telur manntalið Egil Villads Jensson Sandholt skósmið er bjó þar sem nú heitir Tangagata 8." [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls. 230]. Húsið sem þar stendur var byggt 1881 og er líklegt að þar hafi staðið eldra hús. Númer ÍS-144:041 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-26**

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625619N      313661E

**Staðhættir:** Brunngata liggur frá norðri til suðurs milli Skipagötu og Silfurgötu og er samhliða Aðalstræti. Húsið stóð þar sem Brunngata 14 stendur nú.

**Lýsing:** "Hús Þorsteins Ásgeirssonar Snikkara, Brunngata 14." [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls.231]. Húsið er horfið og stendur nú þar stórt hús sem byggt var 1946. Númer ÍS-144:042 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-27**

**Sérheiti:**

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Bústaður

**Staðsetning:** 625628N      313689E

**Staðhættir:** Silfurgata liggur frá austri til vesturs, milli Sundstrætis og Silfurtorgs. Þetta hús er númer 8A.

**Lýsing:** „Þetta va hús Jóns Vedhólm veitinganns, fyrsta veitinga- og gistihúsið á Ísafirði“ [Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, bls. 231 -232]. Húsið sem stendur við Silfurgötu 8 A var byggt árið 1860 og eru því talsverðar líkur á því að við húsið geti fornminjar legið undir sverði. Númer ÍS-144:043 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-28**

**Sérheiti:** Myllan

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Mylla

**Staðsetning:** 625606N      313754E

**Staðhættir:** Tangagata liggur frá norðri til suðurs, milli Silfurgötu og Þvergötu og er samhliða Sundstræti. Húsið stóð við númer 12.

**Lýsing:** Við Tangagötu 12 stóð hús sem bar nafnið Myllan og er líklegt að þar hafi áður staðið mylla. Líklegt er að húsið hafi staðið einhverstaðar milli Tangagötu 10 og 14. Númer ÍS-144:044 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-29**

**Sérheiti:** Amsterdam

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** bústaður

**Staðsetning:** 625514N 313733E

**Staðhættir:** Sundstræti liggur frá norðri til suðurs austast á Eyrinni og er húsið vestan Sundstrætis, rétt þar sem Sindragata tekur við af Sundstræti.

**Lýsing:** Hús byggt á 19. öld sem heitir Amsterdam. Húsið stendur enn við Sundstræti 21 og var líklega byggt árið 1850. Númer ÍS-144:045 í skráningunni frá 2002

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-30**

**Sérheiti:** Edinborg

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Verslunarhús

**Staðsetning:** 625482N 313527E

**Staðhættir:** Edinborgarhúsið stendur á milli Pollagötu og Aðalstrætis.

**Lýsing:** Edinborgarhúsið var byggt árið 1900 og hýsir það nú ýmsa starfsemi.

**Hættumat:** Engin hætta.

**4200-31**

**Sérheiti:** Rögnvaldarbúð

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Verslunarhús

**Staðsetning:** 625524N 313579E

**Staðhættir:** Aðalstræti liggur í gegnum bæinn frá Austurvegi að Mjósundi nær samhliða Pollagötu.

**Lýsing:** Rögnvaldarbúð var byggð árið 1876 og stendur enn við Aðalstræti 16.

**Hættumat:** Engin hætta.

## Niðurstöður

Við uppfærslu á gps mælingum frá 2002 kom í ljós að talverð skekkja var á þeim og skýrist það fyrst og fremst af því að mælitæki þess tíma voru ekki eins nákvæm og þau tæki sem eru nú í notkun. Að auki höfðu ýmis umhverfisáhrif, t.d. skýjafar, háir fjallgarðar, osfrv. meiri áhrif á tækin sem svo jók á innbyggð skekkjumörk þeirra. Þetta sýnir nauðsyn þess að farið verði yfir alla skráninguna frá 2002 og mælingarnar uppfærðar.

Fornleifaskráningin í Ísafjarðarbæ hefur sýnt að talsverður fjöldi húsa, sem byggð voru á síðari hluta 18. og fram á fyrri hluta 20. aldar standa enn að miklu leiti óbreytt, þó svo að sum þeirra hafi orðið fyrir breytingum. Húsin byggðust fyrst og fremst á svæðum í kringum þá þrjá kaupstaði sem byggðust á 18. og 19. öld, þ.e. Neðsta-, Mið- og Hæstakaupstað. Mestar líkur eru á að á þessum svæðum leynist fornminjar sem kæmu í ljós við hverskonar framkvæmdir.

Í þessum áfanga verkefnisins ná áætluð verndarsvæði yfir Neðsta-, Mið- og Efstakaupstað en mikilvægt er að svæðið í kringum bæjarstæði Eyrar verði einnig skilgreint sem verndarsvæði innan verkefnisins „Verndarsvæði í byggð“. Bæjarstæði Eyrar er án nokkurs efa elsta byggðin á Eyrinni og nær byggðin sennilega aftur til landnámsaldar. Fornleifarannsóknir hafa sýnt að talsverðar forminjar eru að finna á svæðinu kringum gamla skjúkrahúsið þar sem bærinn stóð áður, þá sérstaklega á svæðinu kirkjumegin (Adolf Friðriksson og Andrea Harðardóttir 2003).

Ljóst er að mikilvægt er að fara yfir alla fornleifaskráninguna frá 2002 til að leiðrétta staðsetningar svo þær séu á réttar, annars er hætt á að þær nýtist ekki, t.d. við skipulagningu svæða innan Ísafjarðarbæjar. Að auki er mikilvægt að fleiri verndarsvæði verði skilgreind og tekið verði tillit til svæðisins í kringum bæjarstæði Eyrar. Bæjarstæði Eyrar mikilvægt þar sem að þar er að finna elstu sögu byggðar á Skutulsfjarðareyri en svæðið hefur þegar orðið fyrir talsverðu raski, t.d. byggingu gamla sjúkrahússins, leikskólans, ofl. Því er mikilvægt að vernda það litla sem eftir er af bæjarstæði Eyrar til að elsta saga Ísafjarðarbæjar verði ekki eyðileggingu að bráð.

# Töflur

| ID | X      | Y      | Jörð | Sérheiti        | HLUTVERK     | TEGUND       | Aldur frá | Aldur til | Nákvæmni | Ástand  | Hættumat    |
|----|--------|--------|------|-----------------|--------------|--------------|-----------|-----------|----------|---------|-------------|
| 1  | 625167 | 313209 | Eyri | Faktorshús      | Verslunarhús | Bústaður     | 1765      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 2  | 625199 | 313248 | Eyri | Tjörúhúsið      | Verslunarhús | Pakkhús      | 1765      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 3  | 625203 | 313231 | Eyri | Krambúðin       | Verslunarhús | Verslunarhús | 1765      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 4  | 625175 | 313195 | Eyri | Beykistöfan     | Verslunarhús | Óþekkt       | 1765      | 1850      | 2 metrar | Horfið  | Engin hætta |
| 5  | 625175 | 313195 | Eyri | Púlsmannshús    | Verslunarhús | Óþekkt       | 1765      | 1850      | 2 metrar | Horfið  | Engin hætta |
| 6  | 625194 | 313211 | Eyri | Turnhúsið       | Verslunarhús | Pakkhús      | 1765      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 7  | 625151 | 313199 | Eyri | Óþekkt          | Verslunarhús | Óþekkt       | 1765      | 1850      | 2 metrar | Horfið  | Engin hætta |
| 8  | 625819 | 313683 | Eyri | Faktorshús      | Verslunarhús | Bústaður     | 1788      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 9  | 625796 | 313691 | Eyri | Óþekkt          | Verslunarhús | Bústaður     | 1788      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 10 | 625493 | 313562 | Eyri | Sönderborgarhús | Hús          | Bústaður     | 1816      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 11 | 625460 | 313533 | Eyri | Jónassens hús   | Hús          | Bústaður     | 1845      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 12 | 625655 | 313628 | Eyri | Aðalstræti 26   | Hús          | Bústaður     | 1852      | 1900      | 2 metrar | Horfið  | Engin hætta |
| 13 | 625634 | 313599 | Eyri | Óþekkt          | Hús          | Bústaður     | 1852      | 1900      | 2 metrar | Horfið  | Engin hætta |
| 14 | 625671 | 313617 | Eyri | Óþekkt          | Hús          | Bústaður     | 1852      | 1920      | 2 metrar | Horfið  | Engin hætta |
| 15 | 625894 | 313563 | Eyri | Sýslumannshúsið | Hús          | Bústaður     | 1856      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 16 | 625833 | 313634 | Eyri | Norðurvegur 3   | Hús          | Bústaður     | 1853      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 17 | 625905 | 313558 | Eyri | Mjallargata 5   | Hús          | Bústaður     | 1856      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 18 | 625558 | 313757 | Eyri | Sundstræti 25A  | Hús          | Bústaður     | 1787      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 19 | 625589 | 313293 | Eyri | Brunngata 10    | Hús          | Bústaður     | 1860      | 2019      | 2 metrar | Horfið  | Engin hætta |
| 20 | 625614 | 313730 | Eyri | Smíðjugata 12   | Hús          | Bústaður     | 1890      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 21 | 625637 | 313727 | Eyri | Silfurgata 9    | Hús          | Bústaður     | 1900      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 22 | 625538 | 313692 | Eyri | Smíðjugata 2    | Hús          | Bústaður     | 1853      | 2019      | 2 metrar | Horfið  | Engin hætta |
| 23 | 625507 | 313654 | Eyri | Skipagata 12    | Hús          | Bústaður     | 1860      | 1920      | 2 metrar | Horfið  | Engin hætta |
| 24 | 625641 | 313672 | Eyri | Brunngata 16    | Hús          | Bústaður     | 1860      | 1920      | 2 metrar | Horfið  | Engin hætta |
| 25 | 625569 | 313740 | Eyri | Tangagata 8     | Hús          | Bústaður     | 1881      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 26 | 625619 | 313661 | Eyri | Brunngata 14    | Hús          | Bústaður     | 1880      | 1946      | 2 metrar | Horfið  | Engin hætta |
| 27 | 625628 | 313689 | Eyri | Silfurgata 8A   | Hús          | Bústaður     | 1860      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 28 | 625606 | 313754 | Eyri | Myllan          | Hús          | Mylla        | 1860      | 1920      | 2 metrar | Horfið  | Engin hætta |
| 29 | 625514 | 313733 | Eyri | Amsterdam       | Hús          | Bústaður     | 1860      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 30 | 625482 | 313527 | Eyri | Edinborg        | Hús          | Verslunarhús | 1907      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |
| 31 | 625524 | 313579 | Eyri | Rögnvaldarbúð   | Hús          | Verslunarhús | 1876      | 2019      | 2 metrar | Stendur | Engin hætta |

Tafla 1. Skrá yfir minjar á tilegreindum minjasvæðum.

Kort




Mynd 1. Skráðir minjastaðir í Neðstakaupstað.




Mynd 2. Skráðir minjastaðir í Miðkaupstað.




Mynd 3. Verndarsvæði 3 við Efstakaupstað.




Mynd 4. Kort af Skutulsfjarðareyri og bæjarstæði Eyrar árið 1703 (Kristinn N. Edvardsson 2010a og 2010b)



Mynd 5. Kort af Skutulsfjarðareyrinni árið 1816 (Kristinn N. Edvardsson 2010a og 2010b)



Mynd 6. Kort af Skutulsfjarðareyri árið 1835 (Kristinn N. Edvardsson 2010a og 2010b)



Mynd 7. Kort af Skutulsfjarðareyri árið 1860 (Kristinn N. Edvardsson 2010a og 2010b)

# Heimildaskrá

## Prentaðar Heimildir

Adolf Friðriksson og Andrea Harðardóttir (ritstj.) (2003). *Fornleifarannsókn á Eyri við Skutulsfjörð*. Fornleifastofnun Íslands FS-228 03231. Ísafjörður.

Árni Magnússon & Páll Vídalín (1940) *Jarðabók 7. Bindi*. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn

Björn Þorsteinsson (1980). *Íslensk miðaldasaga*. Sögufélag, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum* I-XIV, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

*Íslendinga sögur*, I, Reykjavík 1953.

*Íslendinga sögur*, V. Reykjavík 1953.

Jón J. Aðlis (1971). *Einokunarverslun Dana á Íslandi*. Reykjavík.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Jón Þ. Þór (1984). *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna*, 1.bindi, Reykjavík.

Kristinn N. Edvardsson (2010a). *Sagnfræðileg landupplýsingakerfi. Eyrarhreppur hinn forni frá 1703 – 1860*. Ritgerð til BA prófs. Umhverfis og lífvísindadeild. Háskóli Íslands.

Kristinn N. Edvardsson (2010b). *Frá kotbýlum til bæjarsamfélags. Kortlagning sögulegs landslags á Vestfjörðum*. Rannsóknaskýrsla. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum.

Ragnar Edvardsson og Thomas McGovern (2005). *Archaeological Excavations at Vatnsfjörður 2003 – 2004. Archaeologica Islandi 4*. Reykjavík.

Ragnar Edvardsson & Ruth A. Maher (2002). *Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ I.*, Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands, NV nr. 6-02, Bolungarvík.

*Sóknarlýsingar Vestfjarða* (1952). Reykjavík: Samband vestfízkra áttthagafélaga.

## Óprentaðar heimildir

### Byggingafulltrúinn á Ísafirði:

H. Jørgensen (1913). *Ísafjörður Kaupstaður*. Staðfræðikort, 1:10000. Byggingafulltrúinn á Ísafirði.

Guðmundur Halldórsson (1960). *Íbúðarhús á Ísafirði 1865*. Staðfræðikort, 1:1300. Byggingafulltrúinn á Ísafirði.

Byggingafulltrúinn á Ísafirði (2010). *Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar*. Ísafjarðarbær

Generalstaben (1915). *Herforingjaráðskort*. Staðfræðikort, 1:50000. Landmælingar Íslands

## Þjóðskjalasafn Íslands

Kort

I.J.7,nr.690, Levetzow 1787.

Va.J.B., nr. 1144, 1882.

Va.J.16. Nr.1235, 1872.

### **Skjalasafnið á Ísafirði**

Inventarii Bog for Isefjords Handel Ao 1795, aðfnr.: 1889/418.

### **Ríkisskjalasafn dana**

Den islandske, finnmarkske, grønlandske og færöske handel. Indkomme breve vedk.

Island. Registr. 140, 317, 4401.

### **Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**

Örnefnaskrá Eyrar